

**Minnisblað dags:** 28.06.2023 KIA  
**Heiti:** Staða framkvæmda  
**Fyrirtæki:** Dalabyggð, Dalaveitur ehf.  
**Inngangur:** Farið yfir stöðu helstu framkvæmda á vegum Dalabyggðar.  
**Athugasemdir:** Uppfærslur og viðbætur frá síðustu útgáfu eru **undirstrikaðar með rauðu letri**. Grálitaður texti eru athugasemdir sem snúa að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

---

## Dalabyggð, aðalsjóður 3210 - fjárfestingar:

### **Auðarskóli, viðhald grunnskóla (GRUN23)**

Samkvæmt fjárhagsáætlun átti að setja kerfisloft í tvær stofur og skipta um glugga í efri álmu. Önnur atriði hafa verið tekin fram fyrir endurnýjun sem hafa reynst vera í betra ástandi en áður var talið. Farið verði í múrviðgerðir að utan og blettmálun. Skoðað verði með sólarstopp í efri glugga neðri álmu, lýsingu í alrýmum og hitastýringu ofna í stofum.

Staða: Framkvæmdir ekki hafnar.

Áætlun: Múrari í múrviðgerðir utan á skóla. Smiðir og rafvirkjar í kerfisloft og lýsingu í alrými. Pípari skoðar útfærslur á uppfærslu á hitakerfi og stýringum.

### **Eiríksstaðir, viðhald tilgátuhúss (EIRÍK22)**

Hleðslur/útveggir tilgátuhúss hafa sigið og þarfnast endurhleðslu eða viðhalds. Brýnust er langhliðin nær vegi þar sem veggur bungar út. Unnið í samvinnu með rekstraraðilum Eiríksstaða sem hafa verið í sambandi við hleðslumann.

Staða: Hleðslumaður, Guðjón, hefur skoðað aðstöður

Áætlun: Fá verkáætlun frá Guðjóni og fylgja eftir.

### **Íþróttamiðstöð í Búðardal, undirbúningur (ÍÞRBDL)**

Hönnun og undirbúningur íþróttarmiðstöðvar í Búðardal í samvinnu við Eykt.

Staða: Aðaluppdráttum skilað inn um páska. Hönnun langt komin, aðallega lagnahönnuðir sem eiga eftir.

Áætlun: Næsti hönnunarfundur áætlaður um miðjan ágúst. Þá á fullnaðarhönnun að liggja fyrir.

### **Gatnagerð, jarðvegsskipti (GÖT23)**

Klára jarðvegsskipti lðjubrautar og frágang við Lækjarhvamm. Hönnun og undirbúningur fyrir Efstahvamm.

Staða: Um þriðjungur eftir í lðjubraut. Búið að senda gögn á VBV vegna hönnunar á Efstahvamm.

Áætlun: Jarðvinna í lðjubraut heldur áfram í júlí. Hönnun liggur líklegast fyrir í ágúst.

### **Sorp, tunnuskýli og ílát (SORP23)**

Kaupleiga á sorpílátum fyrir heimili og stofnanir og starfsmannaaðstöðu við gámasvæðið, síðasta árið af þremur. Kaup á auka ílátum og dreifing vegna breytinga á lögum.

Staða: Búið að fá uppfært tilboð frá ÍGF í fjórðu tunnuna með dreifingu og endurmerkingu á plasttunnu.

Áætlun: Fylgja eftir frágang við starfsmannaaðstöðu.

### **Leifsbúð, viðhald (LEIFS22)**

Stærra viðhald í samráði við rekstraraðila.

Staða: Ekkert enn.

Áætlun: Fylgja eftir viðhaldsáætlun.

### **Stjórnsýsluhús, gluggi og gólfefni (STJÓ23)**

Ofnaskipti á skrifstofum, málun á skrifstofugöngum og fundarsal, brunaviðvörunarkerfi í hluta Dalabyggðar, lekaviðgerðir o.fl.

Staða: Búið að skipta um ofna og mála skrifstofugang og fundarsal.

Áætlun: Fá rafvirkja til að skipuleggja uppsetningu reykaskynjara og hurðasegla/sleða í hluta Dalabyggðar. Fá verktaka í viðgerðir að utan þar sem súlur í léttum útvegg koma niður á steypa vegg á neðri hæð. Boða fund með húsfélagi.

### **Slökkvistöð, vinnuaðstaða og viðhald (SLÖKK23)**

Þörf á ýmislegu viðhaldi á húsnæði, t.d. glugga við inngang, þakrennur, áfellur við nýju bílhurðirnar o.fl.

Staða: Ekkert enn.

Áætlun: Yfirfara ástand húsnæðis og forgangsraða verkefnum í samráði við slökkvistjóra.

### **Dalabúð, viðhald (DALA23)**

Uppfærsla og viðbætur í ÚT- og neyðarlýsingu. Lýsingar- og sviðsbúnaður fyrir leiksvið (í samstarfi með leikfélagi).

Staða: Búið að laga ÚT- og neyðarlýsingu. Ljós og annað komið fyrir leikfélag.

Áætlun: Gera upp við leikfélag kaup á búnaði fyrir svið.

### **Árblik, útsog og þakrenna (ÁRB23)**

Útsogsblásari fyrir eldhúsháf. Endurnýjun á þakrennu á sal.

Staða: Búið að setja upp blásara og tengja við háf.

Áætlun: Fylgja eftir að rafvirki tengi blásara og smiður gangi frá kringum rör. Fá verktaka í þakrennu.

### **Fellsendarétt, endurbætur á steypu (FELLS23)**

Múrviðgerðir 2022. Eftir að steypa utan á verr farna vegg.

Staða: Búið að efnistaka og ræða við verktaka.

Áætlun: Fá staðfesta tímaáætlun fyrir verkið (verði lokið fyrir miðjan ágúst).

### **Tjaldsvæði Búðardal, þjónustuhús (TJALDB23)**

Endurnýjun á hurð inn á salerni fatlaðra. Endurbætur í sturtuklefum (gólf, veggir og loftræsting).

Staða: Búið að skoða með Dalasmíði og panta hurð.

Áætlun: Fylgja eftir framkvæmd. Megni af viðgerðum í sturtum eftir sumarið.

## Dalaveitur ehf, deild 65:

### **6501, Ljósleiðari – viðhald**

Viðgerðir á ófyrirséðum bilunum. Jarðfall á Tjaldaneshlíð í janúar, samtengt strax en eftir að plægja niður. Margir brunnar komnir uppúr og vantar lok. Fylla að brunnum og dreifa út lokum (skrúfa föst ný lok og þau sem fyrir eru).

Staða: Til á lager þónokkuð af lokum og búið að láta Gilbert hafa yfirlit yfir alla brunna.

Áætlun: Fá einhvern í yfirferð á lokum á brunnum. Laga og fylla að brunnum eftir þörfum.

### **6511, Hitaveita á laugum – viðhald**

Úrbætur við borholur (tenging milli hola). Byggja yfir brunn o.fl.

Staða: Búið að skoða aðstæður við borholur.

Áætlun: Byggja yfir brunn (Gunnar og Einar, fljótlega í júlí). Lagfæring á lögnum síðar í sumar.

### **6610, Hitaveita á laugum, heimtaugar í íbúðarhús – fjárfesting**

Nýjar heimtaugar í íbúðarhúsin á Laugum.

Staða: Búið að mæla upp áætlaða lagnaleið og hæðarkóta tanks og inntaka. Sent á ráðgjafa.

Áætlun: Fá skemahönnun frá ráðgjafa og panta efni. Fá verktaka í verkefnið sem yrði framkvæmt í ágúst/september (eftir sumartörn á hóteli).

## Dalabyggð, B-deildir 4410, 5410 og 6210 - fjárfestingar:

### **Silfurtún, endurnýjun íbúða o.fl. (SILFUR23)**

Endurnýjun á íbúðarrými. Fáum ekki styrk frá Framkvæmdarsjóði aldraðra en fáum að sækja um fyrir framkvæmdir yfirstandandi árs næst. Klára tengingu á neysluvatnskerfi í S-álmu.

Staða: Búið að endurnýja gólfefni og innréttingar í einni íbúð (208).

Áætlun: Setja af stað frágang á tengingu á hálfkláruðu neysluvatnskerfi fyrir S-álmu. Vantar um 700.000 kr. fjárfestingarmegin svo það geti klárast.

### **Fráveita, hreinsistöð, stofnar o.fl. (FRÁVEITA23)**

Uppsetningu á dælubrunn og hreinsistöð. Stofnlagnir í Bakkahvamm, Lækjarhvamm og lðjubraut. Færa þarf fjármagn úr fjárfestingu í vatnsveitu í fráveitu svo hægt sé að klára ofangreint.

Staða: Gámur, dælubrunnur og dælur og stærstur hluti af lagnaefni í götur komið á staðinn. Lagningu fráveitulagna í Bakkahvamm rétt lokið.

Áætlun: Breyta þarf reit á aðalskipulagi fyrir hreinsistöð. Setja breytingu af stað þegar ASK er orðið staðfest. Unnið að undirbúningu lagnavinnu í Lækjarhvammi og lðjubraut.

### **Vatnsveita, Laugar og í Búðardal (VATN23)**

Nýjar heimtaugar í íbúðarhús á Laugum (samhliða endurnýjun á hitaveitu). Stofnlagnir í götum (Lækjarhvammur og lðjubraut). Nýir brunahanar við lðjubraut og Vesturbraut 12. Lenging á nýrri stofnlögn fyrir íþróttamiðstöð.

Staða: Stærstur hluti efnis komið á staðinn.

Áætlun: Úthluta verkefnum til verktaka.

## Dalabyggð, viðhaldsverkefni á rekstrardeildum:

### **4301 Vatnsveita - bilanir, brunahanar og endurbætur**

Viðgerðir á óvæntum bilunum og leka á vatnsveitukerfi. Frágangur eftir fyrri bilanir.

Staða: xxx

Áætlun: xxxx.

### **0565, Eiríksstaðir - viðhald**

Samkvæmt yfirliti hjá rekstraraðila.

Staða: Rekstraraðili vinnur að viðhaldi.

Áætlun:

### **Verkefni, nánar (verkefnakóti)**

Stutt lýsing á verkefni og hvað eigi að gera.

Staða: Verkstaða

Áætlun: Verkáætlun/ næstu skref